

„né að bæjarsjóður með ásælni og rangsleitni ætli að neita mér um greiðslu á réttmætri kröfu“. Þykir rétt að ómerkja orðin „ásælni“ og „rangsleitni“, en ekki telur rétturinn ástæðu til að sekta fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Hinrik Jónsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Jóh. Gunnari Ólafssyni f. h. Bjarna Jónssonar, kr. 1320.00 með 6% ársvöxtum frá 22. júní 1939 til greiðsludags og kr. 260.20 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Orðin „rangsleitni“ og „ásælni“ í bréfi Bjarna Jónssonar, rskj. nr. 6, skulu dauð og ómerk.

Mánudaginn 6. maí 1940.

Nr. 19/1940. Réttvísing og valdstjórnin

(Pétur Magnússon)

gegn

Páli Óskari Guðjónssyni

(Theódór B. Lindal).

Bílstjóri sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Úr því að athygli ákærða beindist frá því, sem gerðist umhverfis bílinn, meðan hann staðnæmdist á götunni, þá hefði verið varlegra af ákærða að fara út úr bílnum í aðgæzluskyni, áður en hann ók af stað aftur, en þrátt fyrir þetta þykir varhugavert að fullyrða, að hann hafi sýnt slíkan aðgæzluskort, að honum verði refsað eftir 200. gr. hegningarlaganna fyrir manndráp af gáleysi.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Theódórs B. Linds, 60 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. febrúar 1940.

Ár 1940, fimmtudaginn 1. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, settum sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 97/1940: Réttvisin og valdstjórnin gegn Páli Óskari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 17. janúar s. l.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Páli Óskari Guðjónssyni, bifreiðarstjóra, Kárastíg 2 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. sept. 1910, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1934 $\frac{1}{2}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1934 $1\frac{1}{2}$ Sætt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn 7. og 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1936 $\frac{1}{8}$ Undir rannsókn út af bifreiðaárekstri. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1939 $2\frac{1}{4}$ Undir samskonar rannsókn. Samskonar afgreiðsla.
- 1939 $\frac{1}{8}$ Undir samskonar rannsókn. Samskonar afgreiðsla.

1939 $1\frac{1}{2}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða.

Hinn 4. okt. s. l., klukkan að ganga 7 eftir hádegi, lagði ákærði af stað í bifreiðinni R. 607 frá „Bifreiðastöð Íslands“ og ók áleiðis að Sunnuhvoli við Háteigsveg. Í bifreiðinni var einn farþegi, Einar Hjaltested bóndi, sem sat í framsætinu hjá ákærða og var mjög ölvaður. Er að Sunnuhvoli var komið, stöðvaði ákærði bifreiðina rétt neðan við hliðið í portinu þar við húsið. Þar vildi Einar Hjaltested ekki fara út úr bifreiðinni, og stansaði ákærði þarna um 3—4 mínútur án þess að fara út úr bifreiðinni, meðan hann var að reyna að fá Einar til þess að fara út úr bifreiðinni. Sá ákærði þá litla telpu, sem stóð hægra megin við bifreiðina, en engin önnur börn varð hann var við. Þegar ekki tókst að fá Einar til að fara þarna út úr bifreiðinni, tók ákærði bifreiðina af stað og kveðst hafa ætlað að færa hana alveg fyrir portdyrnar, ef vera kynni, að hægt væri að fá Einar til að fara þar út. Áður en ákærði ók bifreiðinni af stað, kveðst hann hafa litið fram á veginn og til hliðar og engin börn séð nema fyrrgreint stúlkubarn. Ákærði kveðst hafa verið að taka bifreiðina af stað, og hafi bifreiðin ekki hreyft til yfir einn meter, þegar hann fann, að eitthvað varð undir hægra framhjólínu, og um leið slóst eitthvað í framstuðarann. Kveðst ákærði hafa fundið, að framhjolið fór yfir það, sem fyrir því varð, en jafnskjótt kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina og um leið hlaupið út úr henni. Sá ákærði þegar, að barn lá undir bifreiðinni fast fyrir aftan hægra framhjól hennar. Barnið lá þar á grúfu þvert undir bifreiðinni, og sneri höfuð þess út, en fæturnir inn undir bifreiðina, og var höfuð þess eða háls í stefnu af hjólinu. Ákærði tók barnið upp og lagði það í aftursæti bifreiðarinnar, dró síðan Einar Hjaltested út úr bifreiðinni og ók svo rակleitt til Landspítalans ásamt Önnu Jónasínu Brynjólfsdóttur og föður barnsins, en þau bar bæði þarna að. Barnið hét Ólafur Hjaltested, fætt 7. desember 1937, og andaðist það á Landspítalanum hinn 6. okt. s. l. af völdum slyss þessa.

Þegar ákærði hafði ekið barninu á Landspítalann, tilkynnti hann strax slys þetta á lögreglustöðina, og fór Ingólfur Þorsteinsson lögregluþjónn strax á vettvang, en verks ummerki sáust þar engin. Athugaði Ingólfur strax bifreið-

ina R. 607, og reyndust stjórnartæki hennar öll vera í góðu lagi og útsýn úr bifreiðarstjórasetinu eðlileg. Morguninn eftir slysið voru svo gerðar mælingar af staðnum og búinn til uppdráttur.

Vitnin Anna Jónasina Brynjólfsdóttir og faðir barnsins, Pétur Hjaltested, komu fyrst á slysstaðinn, eftir að slysið skeði, og sáu því ekki, hvernig það atvikaðist, en vitnið Einar Hjaltested mundi ekkert um það sökum ölvunar, og er ekki vitað um neina sjónarvotta að slysinu, nema 4 ára telpu, systur drengsins Ólafs heitins Hjaltested, og hefir hún ekki verið leidd sem vitni. Verður því að leggja skýrslu ákærða til grundvallar um, hvernig slysið atvikaðist. Samkvæmt henni þykja aðstæður ekki hafa verið þannig, að ákærði verði sakfelldur fyrir slys þetta, og ber því að sýkna ákærða af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Þá hefir rannsókn málsins ekki leitt í ljós, að ákærði hafi brotið gegn lögum nr. 70 8. sept. 1931 um notkun bifreiða eða gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur, og ber því einnig að sýkna ákærða af kæru valdstjórnarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Steingrímssonar, bæjarfógetafulltrúa, úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Óskar Guðjónsson, á að vera sýkn af ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 50 krónur til skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Steingrímssonar bæjarfógetafulltrúa.